



Starfsleyfisskilyrði fyrir Höndlun ehf., kt. 681174-0289, vegna reksturs svínabús í Brautarholti, Kjalarnesi

Gefið út af heilbrigðisnefnd Reykjavíkur í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Kafla 1 - Svínabú

1. Gildissvið

- 1.1. Starfsleyfið gildir fyrir eldishús fyrir alisvín (nýrri hús). Leyfilegur hámarksfjöldi dýra í húsunum hverju sinni er 4000 dýr. Starfsleyfið gildir frá 8. október 2013 til 8. október 2025
- 1.2. Verði meiri háttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur ber að sækja um starfsleyfi að nýju.
- 1.3. Heimilt er að endurskoða starfsleyfisskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða skaðleg áhrif á umhverfi sem ekki voru séð fyrir. Sama gildir ef fram koma almennar kröfur eða ný tækni er leiða til bættra mengunarvarna.
- 1.4. Tilkynna skal til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur ef starfsemi rekstraraðila er lögð niður. Leggist hún niður skal fjarlægja öll dýr úr húsunum, fjarlægja allan rekstrarúrgang ásamt spilliefnum og skal úrganginum skilað til viðeigandi móttökustöðva sem hafa til þess starfsleyfi. Einnig skal ganga frá mannvirkjum þannig að hætta stafi ekki af þeim.
- 1.5. Til viðbótar við starfsleyfisskilyrði þessi ber að fylgja, ef við á, ákvæðum almennra starfsleyfisskilyrða fyrir mengandi starfsemi, sbr. fylgiskjal 1.

2. Þrif á húsum

- 2.1. Þrifa skal deildir svínahúsa í hvert sinn sem skipt er um dýrahópa, m.a. til að takmarka rykmyndun.
- 2.2. Þrifa skal útloftunartúður svínahúsa reglulega. Einnig skal þrifa loft, veggir og lagnir eins oft og unnt er.

3. Ytra umhverfi

- 3.1. Innkeyrslur, akbrautir og vinnusvæði utanhúss skulu bundin föstu slitlagi. Þvottur bíla og tækja skal einungis fara fram þar sem niðurföll eru til staðar sem auðveldlega taka við þvottavatni.
- 3.2. Grasfletir í næsta nágrenni fyrirtækisins skulu vera snöggslegnir til að auðvelda hreinsun á svæðinu.
- 3.3. Á lóðinni skal ekki geyma vélar, tæki eða annan búnað sem ekki er í notkun eða getur valdið óþrifum.

4. Almennar mengunarvarnir

- 4.1 Skólþ frá salernum og hreinlætisaðstöðu skal leitt í veitukerfi borgarinnar eða í rotþró og síubeð þar sem því verður ekki komið við. Um uppsetningu, frágang og rekstur rotþróa og siturlagna skal fara eftir samþykkt Reykjavíkurborgar um rotþrær nr. 563/2001
- 4.2 Við losun fráveituvatns gilda ákvæði fylgiskjals 1 með reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ.
- 4.3 Um frágang, staðsetningu og uppsetningu olúgeyma skal farið skv. ákvæðum reglugerðar nr. 35/1994 um varnir gegn olúmengun frá landi.
- 4.4 Við starfsemina skal taka mið af reglum um góða búskaparhætti, útgefnum af Umhverfisstofnun, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri, með síðari breytingum.
- 4.5 Fyrirtækið skal vinna að því að takmarka losun köfnunarefnis með næringarefnastjórnun við fóðurgjöf. Með aðlögun fóðurgjafar að þörfum svínanna má lágmarka losun vegna ómelts köfnunarefnis.

5. Söfnun, geymsla og nýting svínamykju/þurrhluta mykju.

- 5.1. Losun ómeðhöndlaðrar svínamykju í sjó eða yfirborðsvatn er óheimil. Um losun meðhöndlaðrar svínamykju gilda ákvæði reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ og ákvæðum starfsleyfis fyrir hreinsivirki fyrir svínamykju við svínabúið Brautarholti.
- 5.2. Mykjutankar sem rúma a.m.k. 3 mánaða birgðir af mykju skulu vera til staðar á búinu. Sé ekki unnt að meðhöndla svínamykju í hreinsivirki skal geyma hana í mykjutönkum uns unnt er að farga henni eða færa hana til förgunar.
- 5.3. Til að takmarka lyktarmengun og koma í veg fyrir aðgang meindýra skulu mykjutankar vera lokaðir.
- 5.4. Tæma skal flóra a.m.k á tveggja vikna fresti eða oftár, ef kostur er.
- 5.5. Sé fyrirhugað að jarðgera svínaskít þar til þess starfsleyfi sbr. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

6. Dreifing þurrhluta svínamykju

- 6.1 Heimilt er að dreifa svínamykju/þurrhluta á eignar- og leigulönd rekstraraðila. Sé ekki mögulegt að nýta svínamykju/þurrhluta til dreifingar og nægt haugrými/geymslurými ekki fyrir hendi skal fara með mykjuna/þurrhlutann til förgunar á urðunarstað sem hefur til þess starfsleyfi.
- 6.2 Ef dreifa á svínamykju/þurrhluta á önnur eignarlönd en tilheyra rekstraraðila skal vera fyrir hendi skriflegur samningur þess efnis (m.a. leigutími, stærð lands, dreifingartími, skrifleg staðfesting móttöku til dreifingar).
- 6.3 Aðstæður skulu athugaðar áður en ákvarðað er magn ómeðhöndlaðrar mykju eða þurrhluta sem dreifa má á hvert svæði sem áburð. Taka skal tillit til ætlaðar köfnunarefnisþarfar gróðursins, jarðvegsgerðar, halla lands og veðurskilyrða. Tiltekið magn af búfjáráburði, þ.m.t. svínamykja skal ekki innihalda meira en 170 kg af nýtanlegu köfnunarefni á hektara. Skv. reglum

um góða búskaparhætti skal ekki bera meira en 40 tonn af svínamykju á hvern hektara. Þyki ástæða til getur eftirlitsaðili krafist mælinga á magni köfnunarefnis í skítum til að tryggja að einungis hæfilegu magni verði dreift pr. hektara. Heimilt er að dreifa meira en 40 tonnum ef mælingar gefa tilefni til.

- 6.5 Ómeðhöndlaðri svínamykju og þurrhluta skal einungis dreifa á tímabilinu 15. mars til 1. nóvember ár hvert og ekki á frosna eða gegnblauta jörð. Dreift skal á sem stystum tíma. Dreifing á land við Brautarholt skal ekki fara fram oftar í 14 daga á tímabilinu og reynt skal að hafa dreifingu í viku í senn samfellt, tvisvar sinnum á tímabilinu. Sækja skal sérstaklega um leyfi til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur ef nauðsyn krefur að dreifa oftar. Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur skal tilkynnt þegar dreifing hefst á landi við Brautarholt.
- 6.6 Óheimilt að dreifa svínamykju og þurrhluta hennar þar sem að hún getur mengað læki, ár og annað yfirborðsvatn. Sérstaklega skal þess gætt að dreifa ekki svínamykju og þurrhluta hennar í nágrenni vatnsbóla eða verndarsvæðum þeirra.
- 6.7 Stefnt skal að því að fella svínamykju ofan í svörðinn þar sem hægt er. Forðast skal úðamyndun við áburðardreifingu.
- 6.8 Taka skal tillit til nálægrar starfsemi og íbúðar- og orlofshúsa við dreifingu og er einungis leyfilegt að dreifa á virkum dögum. Taka skal tillit til nálægra útivistarsvæða. Dreifing er óheimil 3 dögum fyrir stórhátíðir. Leitast skal við að dreifa þegar vindátt stendur af nærliggjandi húsum þar sem fólk hefst við.
- 6.9 Eftirfarandi fjarlægðarmörk skulu gilda við dreifingu ómeðhöndlaðrar svínamykju nema að fyrir liggja skriflegt samþykki eigenda:

Dreifingartækni	Íbúðarhverfi, heilbrigðisstofnanir og skólar	Íbúðarhús á bæjum þar sem stunduð er búfjárrækt	Íbúðarhús í dreifbýli
Mykjudreifari/lágþrýsti - dreifing	500 m	250 m	400 m
Háþrýstisprautun eða plægning *	300 m	150 m	250 m

*Háþrýstisprautun ofan í jarðveg eða önnur dreifing og plægning innan 12 klst.

7. Lyktarmengun frá svínahúsum

- 7.1 Rekstraraðila ber að gera allt sem í hans valdi stendur til að draga úr ónæði af völdum lyktar frá starfseminni sbr. kröfur um strangar mótvægisáðgerðir sem staðfestar eru í úrskurði umhverfisráðuneytisins frá árinu 2000.
- 7.2 Rekstraraðili skal reikna út dreifingu og styrk lyktar frá öllum svínahúsunum miðað við staðaltöflur í eftirfarandi töflu:

Tafla: Stöðluð gildi fyrir lykt frá svínum

Gyltur – í stíum á fengi/meðgöngutíma	16 OUE/sek/dýr
Gyltur í gotstíum með heilt (fast) gólf	72 OUE/sek/dýr
Gyltur í öðrum gerðum gotstía	100 OUE/sek/dýr
Smágrísir 7- 30 kg	380 OUE/sek/1000kg
Sláturgrísir yfir 30 kg á heilu (föstu) gólfi að hluta	300 OUE/sek/1000kg
Sláturgrísir yfir 30 kg á öðrum gólfgerðum	450 OUE/sek/1000kg

Notast skal við evrópsku eininguna OU_E (Odour Unit) sbr. staðal ÍST EN 13725:2003 – Air quality – Determination of odour concentration by dynamic olfactometry. Dreifing skal reiknuð með aðferð sem starfsleyfisgjafi samþykkir, t.d. OML-módeli dönsku umhverfistofnunarinnar. Miða skal við að lyktardreifing og styrkur fari ekki yfir þau mörk sem fram koma í viðauka 1 með starfsleyfi.

- 7.3 Gefi niðurstöður útreikninga skv. skilyrði 7.2 tilefni til frekari skoðunar, að mati Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, getur Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur látið framkvæma raunmælingar á dreifingu og styrk lyktar frá öllum svínahúsum. Mat á lykt skal fara fram á viðurkenndi rannsóknarstofu og framkvæmt skv. staðli ÍST EN 13725:2003 – Air quality – Determination of odour concentration by dynamic olfactometry. Rekstraraðili skal bera kostnað af sjálfu matinu og hugsanlegum sýnatökum.
- 7.4 Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur áskilur sér rétt til að framkvæma mælingar á lykt frá búinu, s.s. með því að kalla til sérþjálfað lyktarteymi. Þá getur Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur látið framkvæma mælingar á svifryki frá búinu.
- 7.5 Til að draga frekar úr lyktarmengun skal rekstraraðili nýta sér aðferðir s.s. að setja íbætiefni í flóra, auka þrif, breyta fóðri eða beita vökvun (overbrusning).

8. Geymsla og förgun á lífrænum úrgangi

- 8.1 Úrgangur, svo sem dýrahæ, skulu flutt til förgunarstöðvar sem hefur starfsleyfi. Urðun og brennsla á öllum úrgangi er óheimil á athafnasvæði fyrirtækisins.
- 8.2 Ganga skal frá hræjum til förgunar í þétta, lokaða gáma. Losa skal gámana reglulega eða eftir þörfum, oftast á sumrum en á vetrum. Gámana skal sótthreinsa og þrifa eftir notkun. Æskileg er notkun sérstakra kæli/frystigáma sem eru sérhannaðir til þessara nota. Sé slíkra gáma krafist af móttökuaðila dýrahæja ber rekstraraðila að verða við því.
- 8.3 Rekstraraðila er skylt að sjá til þess að meindýr komist ekki í gáma, haugþrær og úrgang frá búinu.

9. Eigið eftirlit og skráning

- 9.1 Skrá skal jafnóðum og geyma upplýsingar um:
 - Tæmingu á flórum (dags.).
 - Mánaðarlega stöðu í mykjutönkum.
 - Þrif á deildum (dags.)
 - Förgun, nýtingu og endurvinnslu úrgangs s.s. dreifing svínamykju/þurrhluta (dags., magn, staðsetn., vindátt), magn lífræns úrgangs (dýrahæ).
 - Notkun íbætiefna í flóra og mykjutanka.
 - Kvartanir vegna starfsemi búans
- 9.2 Taka skal saman heildarfjölda slátraðra dýra yfir árið.
- 9.3 Upplýsingar um fjölda dýra í húsunum skal skrá fyrir hvern mánuð.
- 9.4 Upplýsingar skv. greinum 9.1-9.3 skulu vera aðgengilegar fyrir eftirlitsaðila við reglubundið eftirlit.
- 9.5 Fyrirtækið skal skila grænu bókhaldi skv. reglugerð nr. 851/2002 og

úfstreymisbókhaldi skv. reglugerð nr. 990/2008. Grænu bókhaldi skal skila til starfsleyfisútfefenda eigi síðar en 1. maí ár hvert og úfstreymisbókhaldi til Umhverfisstofnunar fyrir sama tíma.

Kaflí 2 - Hreinsivirki

1. Gíldissvið

- 1.1. Leyfið gíldir fyrir hreinsivirki fyrir svínamykju frá starfsemi svínabús Höndlunar ehf. á Kjalarnesi. Með hreinsivirki er átt við starfsstöð sem aðskíkur þurr- og blauthluta svínamykju, dælustöð ásamt útrás fyrir blauthluta og geymslu fyrir þurrhluta. Leyfið gíldir fyrir hreinsun á allt að 15.000 tonnum af mykju á ári.
- 1.2. Starfsleyfið gíldir frá xx til xx
- 1.3. Verði meiri háttar breyting á rekstri hreinsivirkis og/eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur ber að sækja um starfsleyfi að nýju. Tilkynna skal um breytingar með góðum fyrirvara áður en ráðist er í þær. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur metur innan fjögurra vikna frá móttöku upplýsinganna hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi.
- 1.4. Heimilt er að endurskoða þessi starfsleyfisskilyrði ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða skaðleg áhrif á umhverfi sem ekki voru séð fyrir. Sama gíldir ef fram koma almennar kröfur eða ný tækni er leiða til bættra mengunarvarna.
- 1.5. Tilkynna skal Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur ef starfsemi hreinsivirkis er lögð niður. Leggist hún niður skal fjarlægja allan rekstrarúrgang og spilliefni þeim skílað til viðeigandi móttökustöðva fyrir úrgang. Einnig skal ganga frá mannvirkjum þannig að hætta stafi ekki af þeim.

2. Ytra umhverfi

- 2.1. Innkeyrslur, akbrautir og vinnusvæði utanhúss skulu bundin föstu slitlagi Þvottur bíla og tækja skal einungis fara fram þar sem niðurföll eru til staðar sem auðveldlega taka við þvottavatni.
- 2.2. Grasfletir í næsta nágrenni fyrirtækisins skulu vera snöggslegnir til að auðvelda hreinsun á svæðinu.
- 2.3. Á lóðinni skal ekki geyma vélar, tæki eða annan búnað sem ekki er í notkun eða getur valdið óþrifum.

3. **Meðhöndlun skólps**

- 3.1 Skólþ frá salernum og hreinlætisaðstöðu skal leitt í veitukerfi borgarinnar eða í rotþró og síubeð þar sem því verður ekki komið við. Um uppsetningu, frágang og rekstur rotþróa og siturlagna skal fara eftir samþykkt Reykjavíkur um rotþrær nr. 563/2001.
- 3.2 Öllu skólpi sem veitt er til sjávar skal veitt minnst 5 metra niður fyrir meðal-stórstraumsfjöruborð eða 20 metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum.

4. **Varnir gegn mengun vatns.**

- 4.1 Óheimilt er að losa ómeðhöndlaða svínamykju í yfirborðsvatn.
- 4.2 Einungis er heimilt að losa meðhöndlað/hreinsað frárennsli í viðtaka sem er skilgreindur sem síður viðkvæmur af heilbrigðisnefnd. Þá skilgreiningu skal endurskoða á a.m.k. fjögurra ára fresti.
- 4.3 Þynningarsvæði skal aldrei ná nær landi en stórstraumsfjörumörk.
- 4.4 Við útrásir þar sem fráveituvatn er leitt í viðtaka má hvergi vera:
 - Set eða útfellingar
 - Þekjur af rotverum (bakteríur og sveppir)
 - Olía eða froða
 - Sorp eða aðrir aðskotahlutir
 - Efni sem veldur óþægilegri lykt, lit eða gruggi

Umhverfismörk vegna saurmengunar yfirborðsvatns eru eftirfarandi: fjöldi hitapólinna kólibaktería eða saurkóligerla/saurkokka skal vera utan þynningarsvæðis í a.m.k. 90% tilfella undir 1000 pr. 100 mL miðað við lágmark 10 sýni. Þar sem útivistassvæði er við fjörur eða matvælaíðnaður í grennd skal fjöldi hitapólinna kólibaktería eða saurkokka í a.m.k. 90% tilfella vera undir 100 pr. 100 mL utan þynningarsvæðis miðað við lágmark 10 sýni.

- 4.5 Styrkur málma má ekki aukast þannig að vatn fari upp um flokk utan þynningarsvæðis. Umhverfismörk fyrir málma í yfirborðsvatni eru tilgreind í lið B í fylgiskjali með reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.

5. **Meðferð fasts úrgangs frá hreinsivirki.**

- 5.1 Þurrhluta sem fellur til við meðhöndlun svínamykju skal geyma innandyrá. Einungis er heimilt að geyma þurrhluta utandyra í lokuðum, þéttum ílátum eða á annan hátt sem viðurkenndur er af Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, þannig að engin hætta sé á efna, lyktar- og sóttmengun
- 5.2 Við flutning á þurrhluta skal þess gætt að ekki sé hætta á efna,- lyktar- og sóttmengun.
- 5.3 Sé þurrhluti notaður til dreifingar á land í eigu rekstraraðila eða leigulönd skal farið með hann skv. ákvæðum í skilyrðum fyrir svínabúið Brautarholti um dreifingu mykju. Sé þurrhluti ekki nýttur til uppgræðslu eða moltugerðar skal fara með hann til förgunar á móttökustöð sem hefur til þess starfsleyfi.

6. **Rannsóknir, eftirlit og skráningar.**

- 6.1 Rekstraraðili skal mæla magn saurkóligerla í sjó á 3 stöðvum, völdum í samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur. Um fjölda sýna og umhverfismörk fer skv. gr. 4.4 og reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ. Tíðni sýnataka skal ákvörðuð af Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur

- 6.2 Rekstraraðili skal eigi sjaldnar en á fimm ára fresti framkvæma rannsóknir á efnainnihaldi ómeðhöndlaðs úrgangs/mykju (blauthluta) fyrir skiljun og meðhöndlaðs úrgangs/mykju eftir skiljun (þurrhluta). Mæla skal þurrefni, COD, BOD5, pH, heildar köfnunarefni og fosfór og málmar (Cu, Cd, Zn).
- 6.3 Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur getur látið framkvæma eftirlitsmælingar til að fylgjast með ástandi viðtaka ef þurfa þykir. Á fjögurra ára fresti er ástand viðtaka metið til að endurskoða skilgreiningu hans sem síður viðkvæmur viðtaki. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur getur einnig framkvæmt mælingar á efnainnihaldi ómeðhöndlaðrar mykju, blauthluta og þurrhluta þyki ástæða til.
- 6.4 Rekstraraðili skal hafa eftirlit með og skrá eftirfarandi þætti:
- Dagsetningu og tímalengd hverrar losunar
 - Magn blauthluta sem dælt er út
 - Mengunaróhöpp og kvartanir vegna starfseminnar
 - Magn þurrhluta sem til fellur við skiljun
 - Bilanir og viðhald búnaðar
- 6.5 Upplýsingar skv. gr. 6.4. skulu vera aðgengilegar fyrir eftirlitsaðila við eftirlit.

Viðauki 1

Óþægindi vegna lyktar – viðmiðunargildi.

Tafla: Viðmiðanir um óþægindamörk vegna lyktar frá húsdýrum

Aðstæður/svæði	Viðmið
Núverandi byggð eða framtíðar íbúðar-og sumarhúsabyggð samkvæmt aðalskipulagi.	5 OU_E/m^3
Byggðakjarni á landbúnaðarsvæði samkvæmt aðalskipulagi eða svæði þar sem í aðalskipulagi er kveðið á um íbúðabyggð og blandaða atvinnustarfsemi eða til opinberra nota þar sem tekið er tillit til íbúðarbyggðar, stofnana á svæðinu, útivistar og þess háttar.	7 OU_E/m^3
Nýbygging, stækkun eða breyting í nánd við einstök íbúðarhús.	15 OU_E/m^3

Fyrir svæði eins og skipulögð íbúðasvæði skulu óþægindamörk gilda fyrir allt svæðið, ekki einungis þann hluta sem er í byggð sé svæðið ekki fullbyggt.

Við þetta byggð skal miða við $7OU_E/m^3$ mörkin og sé farið yfir þau má gera kröfu um sérstakt leyfi fyrir staðsetningu starfseminnar. Þétt byggð er skilgreind á eftirfarandi hátt: íbúðarhús sem hafa fleiri en 6 önnur íbúðarhús, sjálfstæðar eignir, í innan við 200 metra fjarlægð. Það getur verið að sum þeirra 6 íbúðarhúsa sem eru hluti af hinni þétu byggð myndi hluta af annarri þéttri byggð, þó svo að þau séu ekki í miðju hinnar þétu byggðar. Viðmiðin $7OU_E/m^3$ gilda þá ekki fyrir þann kjarna.

Með tilliti til einstakra íbúðahúsa skulu óþægindamörkin gilda við húsvegg nágrannahússins en ekki í garði þess. Undanskilin óþægindamörkunum eru einnig íbúðahús á landbúnaðarsvæði og þau íbúðahús sem rekstraraðili á.

Ef fjarlægðin frá dýrahúsi að íverustað er meiri en helmingur af þeirri fjarlægð sem fengist hefur með útreiknuðum óþægindamörkum fyrir lykt frá dýrahúsi í rekstri má auka starfsemina og breyta henni að því tilskyldu að lykt haldist óbreytt eða minnki. Þetta þýðir í raun óbreytt eða minni lyktaróþægindi fyrir alla sem búa í grendinni. Sé fjarlægðin minni en helmingur af þeirri fjarlægð sem hin útreiknuðu óþægindamörk gefa til kynna er meginreglan sú að engar breytingar eða aukning á starfseminni eru leyfilegar. Þetta módel gefur þannig möguleika að á svæðum með þolanlegt lyktarónæði geti rekstraraðili lagað sig að aðstæðum með breyttum framleiðsluáðferðum, haldist lyktarónæði óbreytt. Nágrannar verða þannig ekki varir við meiri óþægindi.

Fylgiskjal 1

Almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi

1. Lóð, athafnasvæði og húsnæði

- 1.1 Rekstraraðila er skylt að halda athafnasvæði, lóð og húsnæði hreinu og snyrtilegu og gæta þess að athafnasvæðið mengist ekki eða þar safnist fyrir úrgangur, svo og hlutir og búnaður sem ekki eru í notkun eða eru starfseminni óviðkomandi. Sorpgeymslur og ílát undir úrgang skulu standast kröfur Heilbrigðiseftirlitsins. Girðingum skal haldið við.
- 1.2 Virða skal lóðamörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en rekstraraðili hefur fengið til afnota. Notkun lóðar og húsnæðis skal samrýmast því skipulagi og notkunargildi sem skipulags- og byggingaryfirvöld hafa samþykkt. Heilbrigðiseftirlitið getur krafist þess að lóð eða svæði innan hennar sé afgirt.
- 1.3 Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi, efnun og búnaði verði ráðstafað á viðurkenndan hátt til að fyrirbyggja mengun. Tilkynna skal Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur með a.m.k. mánaðarfyrirvara um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi.
- 1.4 Ef líkur eru taldar á því að athafnasvæði fyrirtækis hafi mengast, skal rekstraraðili ganga úr skugga um hvort svo sé þegar starfsemin er lögð niður eða flutt. Komi í ljós mengun skal fyrirtækið láta hreinsa svæðið á sinn kostnað, gerist þess þörf. Við ákvörðun um athugun á athafnasvæði, mat á mengun, hreinsunarþörf og hreinsiaðgerðir skal haft fullt samráð við Heilbrigðiseftirlitið.

- 1.5 Að öðru leyti skal hlýta ákvæðum gr. 16 og 18 reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

2. Meðferð hættulegra efna

- 2.1 Geyma skal öll hættuleg efni og efnasambönd á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt, að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið, ónæði, heilsutjóni eða umhverfisskaða.
- 2.2 Hættuleg efni skulu ekki geymd utandyra nema tryggt sé að ekki stafi hætta af þeim.
- 2.3 Heilbrigðiseftirlitið getur gert kröfu um að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra óhappa við meðhöndlun á hættulegum efnum. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað, yfirfara þarf hana reglubundið með starfsmönnum og halda æfingar til að æfa viðbrögðin a.m.k. einu sinni á ári.

3. Meðferð úrgangs og spilliefna

- 3.1 Draga skal úr myndun úrgangs eins og kostur er.
- 3.2 Meðferð úrgangs skal miðast við að úrgangur sé endurnotaður eða endurnýttur þegar þess er nokkur kostur. Meðal annars skulu einstakar gerðir úrgangs flokkaðar sérstaklega sé það nauðsynlegt til að endurnotkun eða endurnýting geti farið fram. Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.
- 3.3 Rekstraraðili skal eftir mætti draga úr myndun spilliefna, m.a. með notkun skaðlausra efna, með endurnýtingu, endurvinnslu eða endurhæfingu efna.
- 3.4 Spilliefni skulu geymd þannig að ekki sé hætta á mengun umhverfisins eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr. Spilliefnum skal safnað í lokuð traust ílát sem henta viðkomandi efnum. Einstökum spilliefnategundum skal haldið aðskildum og aðgreina skal spilliefnablöndur þar sem kostur er. Óheimilt er að blanda spilliefnum við annan úrgang nema Umhverfisstofnun hafi veitt til þess leyfi. Ílátin skulu merkt með orðinu „spilliefni“ og innihaldi. Þau skulu tryggilega varðveitt þar til þau eru flutt til eyðingar eða meðhöndlunar þannig að ekki sé hætta á að umbúðir verði fyrir hnjaski.
- 3.5 Óheimilt er með öllu að losa spilliefni í fráveitu.
- 3.6 Spilliefni skal ekki geyma til langframa og skal skilað reglulega til aðila sem starfsleyfi hafa til móttöku eða flutnings viðkomandi úrgangs.
- 3.7 Þegar rekstraraðili afhendir spilliefni til flutningsaðila eða móttökustöðvar skal halda eftir skriflegri staðfestingu fyrir móttökunni þar sem fram kemur nafn flutningsaðila, magn (kg, l), flokkun og gerð úrgangs. Samskonar upplýsingar skulu fylgja spilliefnunum. Staðfestingar síðustu 5 ára skulu liggja frammi við eftirlit í fyrirtækinu.
- 3.8 Leggist starfsemin niður skal öllum spilliefnum og ónothæfum efnum skilað til móttökustöðvar fyrir spilliefni.
- 3.9 Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni. Um skilgreiningu á spilliefnum fer skv. reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang.

4. Mengunarvarnir

- 4.1 Öll losun mengandi efna er óheimil án tilskilinna leyfa.
- 4.2 Rekstraraðila ber að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir að vatn, loft eða jarðvegur mengist. Halda skal í lágmarki mengun sem getur borist langar leiðir eða til annarra landa. Rekstraraðila er skylt að verða við kröfum Heilbrigðiseftirlitsins um úrbætur í mengunarvörnum þ.á. m. uppsetningu mengunarvarnabúnaðar, s.s. hreinsunarbúnaðar, loftútrása og hávaðavarna.
- 4.3 Ástand véla og tækja skal vera með þeim hætti að ekki valdi mengun. Ástand og eftirlit með mengunarvarnabúnaði skal vera þannig að búnaðurinn virki eins vel og kostur er.
- 4.4 Mengunarvarnir skulu vera samþættar, sbr. gr. 14 í reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Rekstraraðila ber að tryggja að atvinnureksturinn sé með þeim hætti að allar viðeigandi mengunarvarnir séu viðhafðar, og til þess sé beitt bestu fánlegu tækni (BAT), hafi hún verið skilgreind. Orku skal nýta vel.
- 4.5 Heilbrigðiseftirlitið getur farið fram á að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlanir vegna mögulegra mengunaróhappa. Viðbragðsáætlanir skulu hanga uppi á áberandi stað í fyrirtækinu og ber að fara yfir þær með starfsmönnum reglubundið. Æfa skal viðbrögð við mengunaróhöppum a.m.k. einu sinni á ári.
- 4.6 Rekstraraðila er skylt að gera allt sem í hans valdi stendur til að draga úr hávaða og koma í veg fyrir ónæði af völdum hávaða frá starfseminni. Um hávaða fer að öðru leyti skv. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.
- 4.7 Starfseminni skal þannig háttað að hún valdi ekki fólki í nágrenninu ónæði, óþægindum eða heilsufarslegri hættu vegna mengunar eða hávaða. Komi upp vandamál vegna lyktar eða mengandi efna frá útblæstri, er rekstraraðila skylt að verða við kröfum Heilbrigðiseftirlitsins um úrbætur, s.s. uppsetningu hreinsibúnaðar eða hærri útrásar. sbr. gr. 4.2.
- 4.8 Þar sem fljótandi mengandi efni eru til staðar s.s. hættuleg efni, olúefni og spilliefni skal undirlag vera vökvahelt og viðbragðsbúnaður hafður til taks, s.s. ílát og efni eða búnaður sem sýgur í sig vökvann. Uppsogsgeta búnaðar skal taka mið af magni efna sem geymd eru á staðnum. Þar sem mikið magn framangreindra efna er til staðar skal auk þess hafa tiltækan búnað til að loka niðurföllum eða hindra á annan hátt að efnin geti borist í niðurföll. Heilbrigðiseftirlitið getur í sérstökum tilvikum gert kröfu um búnað s.s. safntank eða lokubúnað á olúskilju til að koma í veg fyrir að mengandi efni berist í fráveitu ef óhapp verður. Ef óhapp á sér stað skal leggja áherslu á að hefta útbreiðslu efnanna við uppsprettu og ná þeim upp áður en þau komast í frárennsli.
- 4.9 Þar sem olúefni af jarðolíuuppruna eru notuð skal koma í veg fyrir að þau berist út í umhverfið. Ef gera má ráð fyrir að olúefni berist í frárennsli skal frárennslið leitt um olúskilju. Olúskilja skal vera skv. leiðbeiningum Umhverfisstofnunar. Á olúskiljunni skal vera búnaður til að loka fyrir frárennsli frá henni, þannig að hægt sé að safna þar olíu og dæla beint úr skiljunni verði stórfellt óhapp.
- 4.10 Við rekstur kælikerfa með ósoneyðandi kælimiðlum skal fylgja ákvæðum reglugerða nr. 586/2002 um efni sem eyða ósonlaginu og nr. 533/1993 um kæli- og varmadælukerfi með ósoneyðandi kælimiðlum, ásamt síðari breytingum.
- 4.11 Að öðru leyti skal fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 35/1994 um varnir gegn olúmengun frá starfsemi í landi, reglugerðar nr. 860/2000 um

amalgammengað vatn og amalgammengaðan úrgang frá tannlæknastofum, reglugerð nr. 251/2002 um brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisoxíð, bensen, kolsýring, svifryk og blý í andrúmslofti og upplýsingar til almennings, reglugerð nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) ásamt síðari breytingum, reglugerðar nr. 787/1999 um loftgæði, reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, reglugerðar nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns, reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ, reglugerðar nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru, reglugerðar nr. 800/1999 um losunarmörk, umhverfismörk og gæðamarkmið fyrir losun á kvikasilfri í yfirborðsvatn, reglugerðar nr. 802/1999 um losunarmörk, umhverfismörk og gæðamarkmið fyrir losun á kadmíum í yfirborðsvatn, reglugerðar nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri og reglugerðar nr. 809/1999 um olíuúrgang.

5. Eigið eftirlit og skráning

- 5.1 Rekstraraðili skal hafa eftirlit með öllum rekstrarþáttum sem geta haft í för með sér mengun. Jafnóðum skal skrá og geyma upplýsingar um:
- Úttektir, prófanir, bilanir og viðhald á mengunarvarnabúnaði, þ.m.t. hreinsun á síum, olfuskiljum, skorsteinum og loftrásum.
 - Öll mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.
 - Magn (kg,l) og gerð spilliefna sem skilað hefur verið til móttökustöðvar eða flutningsaðila. Ennfremur nafn flutningsaðila og móttökustöðvar.
 - Annað sem ber að skrá skv. ákvæðum reglugerða eða sértækra starfsleyfis skilyrða.

6. Ýmiss ákvæði

- Eintak af skilyrðunum skulu ávallt tiltæk á vinnustað og skal forráðamaður fyrirtækisins bera ábyrgð á að efni þeirra sé kynnt viðkomandi starfsmönnum.
- Um opinbert eftirlit heilbrigðisnefndar Reykjavíkur með starfsemi fer skv. 12.gr. reglugerðar nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit.
- Tilkynna skal Heilbrigðiseftirlitinu með a.m.k. 4 vikna fyrirvara ef fyrirhugaðar eru breytingar á atvinnurekstrinum.
- Tilkynna skal Heilbrigðiseftirlitinu strax um meiri háttar mengunarslys sem kunna að verða.
- Um endurskoðun starfsleyfis skal fara skv. ákvæðum í kafla IX í reglugerð nr. 785/1999.
- Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði í kafla XI í reglugerð nr. 785/1999 og upplýsingum um mengunarvarnaeftirlit í samræmi við kafla VI í reglugerð nr. 786/1999.

Samþykkt á 61. fundi heilbrigðisnefndar Reykjavíkur 12. febrúar 2013.

